



**Fundargerð**  
**507. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps**  
**haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4,**  
**miðvikudaginn 29. maí 2024.**

**Fundinn sátu:**

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Einar Kristján Jónsson, Sveinn Hreiðar Jenson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jón Hrafn Karlsson.

**Fundargerð ritaði:** Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Jóhannes Gissurarson, bauð fundarmenn velkomna og setti fund klukkan 10.00

**Fundargerðir til samþykktar**

1. 2405002F - Skipulagsnefnd - 193

1.1 2403005 - Teygingalækur-breyting á deiliskipulagi

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 193**

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.**

1.2 2403010 - Efri Vík -Selhólavegur skilmálabreyting

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 193**

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.**

1.3 2401032 - Ásar 1

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 193**

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að breytingarnar sem gerðar hafa verið á tillögunni verði samþykktar og skipulagsfulltrúa falin fullnaðarafgreiðsla á deiliskipulaginu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með fyrirvara að undanþága vegna fjarlægðar frá vegi verði samþykkt af Innviðaráðuneyti.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.**

2. 2405024 - Ípróttá- og tómstundanefnd og menningarmálanefnd

*Lögð fram fundargerð sameiginlegs fundar ípróttá- og tómstundanefndar Skaftárhrepps og menningarmálanefndar Skaftárhrepps frá 21. maí 2024.*

Sveitarstjórn tekur sérstaklega til umfjöllunar og afgreiðslu lið úr fundargerðinni sem fjallar um sumaropnun Ípróttamiðstöðvarinnar á Kirkjubæjarklaustri. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að ípróttamiðstöðin verði opin frá klukkan 9.00 til 21.00 alla virka daga vikunar og frá 9.00 til 19.00 um helgar frá og með 1. júní næstkomandi til og með 15. september næstkomandi.

Mr  
GS  
BHS  
GS  
JK



## Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

### 3. 2405022 - Ársreikningar Skaftárhrepps 2023

*Lagðir fram ársreikningar Skaftárhrepps fyrir árið 2023.*

Sveitarstjóri, gerði grein fyrir ársreikningum sveitarfélagsins fyrir árið 2023. Jafnframt var lögð fram endurskoðunarskýrsla KPMG. Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir samhljóða ársreikning fyrir árið 2023. Reikningurinn var síðan undirritaður.

Eftirfarandi bókun var framlögð fram af meirihluta sveitarstjórnar:

Ársreikningur Skaftárhrepps er settur fram samkvæmt reiknisstilum sveitarfélaga og samanstendur af A-hluta og B-hluta. Í A-hluta flokkast þær rekstrareiningar sveitarfélagsins sem eru fjármagnaðar að hluta eða öllu leyti með skatttekjum. Til A-hluta teljast Aðalsjóður og Eignarsjóður. Í B-hluta flokkast þær rekstrareiningar, stofnanir og fyrirtæki sem eru fjárhagslega sjálfstæð en rekstur þeirra er að mestu fjármagnaður með þjónustutekjum. Til B-hluta teljast svo sem, Skaftárljós, fráveita, leigubúðir og félagslegar íbúðir. Nokkur utan að komandi atriði, setja mark sitt á rekstrarniðurstöðu samstæðu Skaftárhrepps. Mikill viðsnúningur er í rekstri sveitarfélagsins.

Rekstrarniðurstaða samstæðu Skaftárhrepps fyrir afskriftir og fjármagnsliði var jákvæð um 98.707.000 krónur. Rekstrartekjur voru 1.065.342.000 krónur og rekstrargjöld 966.634.000 krónur. Rekstrarniðurstaða samstæðunnar eftir afskriftir og fjármagnsliði var jákvæð um 28.952.000 krónur. Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi nam veltufé frá rekstri samstæðunnar um 97.918.000 krónur og handbært fé frá rekstri um 75.176.000 krónur. Fjárfestingahreyfingar voru neikvæðar um 112.072.000 krónur og fjármögnunarhreyfingar sem voru jákvæðar um 27.875.000 krónur. Afborganir langtímalána námu um 29.153.000 krónur, en ný lán voru 57.940.000 krónur. Handbært fé samstæðunnar lækkaði um 9.020.000 krónur á árinu 2023, handbært fé var í árslok 83.613.000.

Þrátt fyrir hagfellda niðurstöðu ársreiknings 2023 hefur á liðnu ári töluverðum fjármunum verið varið til styrkingar innviða sveitarfélagsins. Hafinn var undirbúningur að endurskipulagningu á mannvirkjum grunnskólans þar sem lagt er upp með breytingar á innra skipulagi, ásamt viðbyggingum með það að markmiði að tengja saman nýjan leikskóla, grunnskóla og íþróttamannvirki. Einnig má nefna að sveitarfélagið lagði aukið fjármagn til menningarmála og til íþróttar og æskulýðsstarfs. Gerðir voru styrktarsamningar til þriggja ára við björgunarsveitirnar Kyndil, Lífgjöf og Stjörnuna, ásamt kaupum á hjartastuðtækjum til sömu aðila. Kirkjusóknir sveitarfélagsins voru styrktar varðandi kórastarf. Keypt var þjónustubifreið fyrir hreyfihamlaða einstaklinga og síðast en ekki síst var keypt ný slökkvibifreið fyrir Slökkvilið Skaftárhrepps.

Allt eru þetta verkefni sem eru til þess fallin að styrkja samfélagið og efla viðnámsþrótt þess til framtíðar liðið.

Íbúafjöldi sveitarfélagsins í árslok 2023 skv. Hagstofu Íslands var 620 en skv. Þjóðskrá Íslands, voru þeir 700. Sveitarstjórn þakkar starfsfólki sveitarfélagsins fyrir góða vinnu við rekstur innan ramma fjárhagsáætlunar sem skilar sér í bættri afkomu.

Handwritten signatures and initials: "BHS", "GPS", and other illegible marks.



Jón Hrafn Karlsson, lagði fram eftirfarandi bókun: XD og óháðir lýsa yfir áhyggjum vegna fjárhagslegrar stöðu sveitarfélagsins í ljósi rekstrarniðurstöðu A og B hluta fyrir árið 2023. Þrátt fyrir að tekjur hafi hækkað um tæpar 35 milljónir króna, hafa rekstrargjöld hækkað um 66 milljónir króna, sem leiðir til þess að rekstrarniðurstaðan er 28 milljónum króna lakari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Við höfum jafnframt áhyggjur af því að einstakir málaflokkar hafa farið talsvert yfir áætlun og viðaukar ekki gerðir þegar ljós voru frávik frá samþykktri fjárhagsáætlun, liðurinn sameiginlegur kostnaður sem fór 32 milljónum króna yfir áætlun. Við óskum eftir frekari skýringum á þessari yfirkeyrslu. Sveitarfélagið hefur því ekki náð að fylgja fjárhagsáætlun sinni nákvæmlega, en hefur þó náð að halda handbæru fé á ásættanlegu stigi miðað við fjárfestingar og fjármögnun, sem er jákvætt. Hins vegar verður að benda á að framkvæmdafé að upphæð 70 milljónir króna var ekki nýtt á árinu 2023.

Ársreikningurinn í heild sinni verður birtur á heimasíðu Skaftárhrepps.

4. 2210028 - Breytingar á samþykktum sveitarfélagsins - síðari umræða  
*Lagðar fram breytingar á Samþykktum um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps til síðari umræðu.*  
Oddviti gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn fór yfir þær breytingar sem lagðar eru til á Samþykktum um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagðar samþykktir og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram.
5. 2405017 - Markavörður Vestur-Skaftafellssýslu  
Oddviti gerði grein fyrir málinu. Skaftárhreppur og Mýrdalshreppur þurfa nú að velja markavörð, þar sem Héraðsnefnd er ekki lengur starfandi. Núverandi markavörður Jón Jónsson, hefur óskað eftir að láta af störfum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrir sitt leiti að Sæunn Káradóttir, Norðurhjáleigu verði markavörður Vestur-Skaftafellssýslu og jafnframt þakkar sveitarstjórn Jóni Jónssyni, Prestbakka fyrir störf sín sem markavörður Vestur-Skaftafellssýslu síðustu áratugi.
6. 2405018 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2024  
*Hækkun á stofnframlagi hjá Brák íbúðafélag.*  
Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Eignarhlutur sveitarfélagsins breytist um 38,7 m.kr. og lækkun á handbæru fé um sömu fjárhæð. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2024.

AV BHS  
8-5  
GE



7. 2405019 - Skipulag- og byggingarmál  
*Sveitarstjóri, kynnir breytingar á skipulagi sunnan Klausturvegar og breytingar á eignum sveitarfélagsins.*  
**Sveitarstjóri gerði grein fyrir drögum að skipulagi sunnan Klausturvegar og þeim breytingum, sem fyrirhugaðar eru á Túngötu 1, Klausturhólavegi 2 til 4 og Skaftárvöllum 1 A og B.**
- Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að vinna skipulagslýsingu sunnan Klausturvegar og senda hana svo til skipulagsnefndar til áframhaldandi vinnu.**
- Sveitarstjórn samþykkir samhljóða þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á Túngötu 1 og felur sveitarstjóra að kostnaðargreina þær breytingar og nýbyggingar sem gera þarf.**
- Sveitarstjórn samþykkir samhljóða þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á Klausturhólum 2 til 4.**
- Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að kostnaðargreina þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á Skaftárvöllum 1 A og B.**
8. 2405021 - Kaup á liðléttingi  
*Lögð fram tillaga að kaupa nýjan liðlétting að gerðinni Avant 860*  
**Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða kaup á liðléttingi.**
9. 2405027 - Trúnaðarmál  
**Niðurstaða færð í trúnaðarbók sveitarfélagsins.**

#### **Fundargerðir til kynningar**

10. 2405023 - Heilbrigðisnefnd Suðurlands  
*Lögð fram fundargerð 235. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 6. maí 2024.*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**
11. 2405025 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)  
*Lögð fram fundargerð 609. fundar stjórnar SASS frá 10. maí 2024.*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

Mr BHS  
GR  
GRS  
JKK



## Skýrsla sveitarstjóra

12. 2405026 - 507. fundur sveitarstjórnar

Sveitarstjóri gerði grein fyrir störfum sínum. Greindi sveitarstjóri meðal annars frá því að skemmdarverk hefðu verið unnin á eignum sveitarfélagsins, svo sem Kirkjuhvoli og Kirkjubæjarskóla, annað málið er upplýst en hitt hefur verið kært til lögreglu. Sveitarstjóri sagði frá því að framkvæmdir gengju vel við Kirkjubæjarstofu og gluggaskipti væru langt komin í þessum áfanga. Búið væri að endurnýja dúk yfir sundlaug, byrjað væri að girða gámvöll af, fulltrúar ÍSOR, koma í sveitarfélagið um miðjan júní og í framhaldi af því munu þau skila af sér tillögum að næstu skrefum.

Sveitarstjóri, greindi frá öðru því sem fram kom á fundinum.

Fleira ekki gert,  
fundi slitið kl. 12.17.

  
Jóhannes Gissurarson

  
Björn Helgi Snorrason

  
Gunnar Pétur Sigmarsson

  
Auður Guðbjörnsdóttir

  
Jón Hrafn Karlsson